



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

6. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn þriðjudaginn 2. apríl 2019 og hófst kl. 19. Fundurinn var haldinn í Þjónustuhúsi safnsins að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt voru Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Lýður Pálsson safnstjóri var þar einnig og skrifaði fundargerð. Fundargerðin var skráð í tölvu.

1. **Ásskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2018.** Kynnt var Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga fyrir árið 2018. Stjórn safnsins gerir ekki athugasemdir við skýrsluna.
2. **Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga 2018.** Ársreikningur gerður af KPMG endurskoðun var lagður fram. Heildarvelta var 46,5 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða varð riflega fimm milljónir króna neikvæð sem skýrist af ýmsum þáttum sem ekki var gert ráð fyrir í rekstraráætlun eins og kostnaði við að finna lausnir í húsnæðismálum, óvæntum útlátum vegna samkomulags við Lífeyrissjóðinn Brú, auknum launakostnaði vegna gæslu og stjórnar og afskriftum húseigna. Eigið fé safnsins nam 27,7 milljónum króna í árslok 2018 samkvæmt efnahagsreikningi.  
Stjórn safnsins ræddi mögulegar leiðir til að auka tekjur safnsins. Safnstjóra falið að kanna möguleika á að innheimta aðgangseyri á viðburði sem hafa verið gjaldfrjálisir. Stjórn safnsins og safnstjóri undirrituðu samninginn.
3. **Húsnæðismál.** Nú hafa öll sveitarfélög héraðsins samþykkt kauptilboð og lántöku vegna Búðarstígs 22. Frágangur kaupanna er í vinnslu.  
Lagt er til að stjórn Byggðasafns Árnesinga, ásamt formanni Héraðsnefndar Árnesinga, skipi bygginganefnd til að undirbúa og fylgja framkvæmdum eftir. Stefnt að því að leggja verkáætlun fyrir vorfund Héraðsnefndar Árnesinga.
4. **Starfsmannamál.** Rædd voru starfsmannamál í tengslum við aukin umsvif safnsins. Ljóst er með tilliti til flutninga og framkvæmda að safnið hefur þörf fyrir aukinn starfsmannafjölda a.m.k. tímabundið.
5. **Starfsemin.** Safnstjóri fór yfir starfsemina. Stærsta verkefnið er sögusýningin Litla-Hraun sem opnaði í Húsinu á Eyrarbakka 8. mars sl. Safnið hefur verið vel sótt frá sýningaropnun. Við safnið hefur undanfarið verið unnið að nýskráningu safnmuna. Undirbúningur sumaropnunar er vel á veg komin og búið að ráða sumarstarfsfólk, auk þess sem fastráðnir starfsmenn munu sitja vaktir.

Flaira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp, undirrituð og fundi slitið kl. 20,30.

Árni Eiríksson  
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir  
Eggert Valur Guðmundsson.  
Lýður Pálsson